


■ SKÖPUN | Ungir uppfinningamenn í Hugmyndasmiðju



Auður og Marta hönnuðu og bjuggu til viftu með raddskynjara sem snýst þegar einhver talar.

Dáleiðsluvél og fleira skemmtilegt

Eftir Kristínu Heiðu Kristinsdóttur
khhk@mbl.is

Í nútímasamfélagi er mjög áriðandi að efla frjóa og skapandi hugsun hjá börnum og hjálfa þau í að finna sjálf lausnir og leiðir til að leysa verkefni. Slík hæfni mun nýtast þeim í framtíðinni þar sem krefjandi verkefni biða þeirra. Hér í Hugmyndasmiðjunni erum við einmitt að hjálfa þau í þessu,“ segir Lani Yamamoto sem ásamt bandaríska uppeldisfræðingnum og kennaranum Michael Smith-Welch stendur á bakvið Hugmyndasmiðjuna sem hefur verið starfrækt í Orkuveitu Reykjavíkur undanfarna viku. Þar hafa fjórutíu grunnskólabörn á aldrinum 8–14 ára verið á námskeiði þar sem þau hafa fengið að nota örtölvur og ýmskonar efnivið, til að hanna og smíða hvað sem þeim dettur í hug. „Það eflir sjálfstraust þeirra að komast að því hvað þau geta gert og þau njóta þess virkilega að finna sjálf út úr hlutunum og sjá hugmyndir sínar verða að veruleika. Þau læra líka um það hvernig ólíkustu efni og hlutir virka. Hversdagslegustu fyrirbæri og efnisbútar fá alveg nýtt hlutverk og við hvetjum þau til að búa til nytjahluti sem nýtast í daglegu lífi en þó er það ekki skilyrði og sumir hafa búið til hrein listaverk. Afraктurinn af vinnu krakkanna hér í Hugmyndasmiðjunni er mjög fjölbreyttur, má þar nefna dáleiðsluvél, gluggaþvottavél, tæki til að vekja fólk af svefni, viftur, vél til að sortera bréf, ljófavörn og margt fleira.“



Egill Torfason og Gylfi Þorsteinn Gunnlaugsson voru mjög stoltir af dáleiðsluvél sinni sem var reyndar ekki alveg tilbúin. Spjaldið með andlitinu er látið snúast hratt þegar til stendur að dáleiða.



Morgunblaðið/Ómar

Nikulás Barkarson var mjög einbeittur við að teikna og útfæra hugmynd sína og Unnsteins vinar síns, að vekjara sem kitlar kinn þess sem sefur.

Börnin sýna verkin í Gallerý 100° í húsi Orkuveitu Reykjavíkur milli kl. 13 og 17 á morgun, laugardaginn 29. apríl.